

Aflandsfélög og lágskattasvæði

IFRS 16 - Leigusamningar

Nýjar áritanir

Skattlagning kaupréttar á hlutabréfum

Ársreikningalög

FYLGJT ÚR HLAÐI

Ritnefnd gefur nú út 39. tölublað FLE blaðsins og er það sent til allra félagsmanna. Að auki er blaðið sent til ýmissa opinberra aðila og stórra fyrirtækja. Blaðið inniheldur greinar um fagleg málefni sem varða störf endurskoðenda en einnig er í blaðinu innlit í leik og störf utan hefðbundins vinnutíma.

Hlutverk endurskoðenda er að staðfesta upplýsingar sem sem birtast í ársreikningum og láta í ljós álit á ársreikningum á grundvelli endurskoðunarinnar. Í framhaldi af gildistöku nýrra endurskoðunarstaðla um áritanir mun áritun endurskoðenda taka breytingum og nálgunin á umfjöllun um endurskoðunina verður mismunandi á milli fyrirtækja. Gera má ráð fyrir að áritun endurskoðandans fái aukna athygli um leið og hún inniheldur meiri upplýsingar en áður hefur tíðkast. Fjallað er um þessar breytingar í blaðinu.

Mikið hefur verið rætt um aflandsfélög í þjóðfélaginu að undanfögnu. Ljóst er að túlkun fólks er mismunandi á því hvað aflandsfélag er og um leið kann að vera álitamál með hvaða hætti slík félög skuli skattleggjast. Í blaðinu er fjallað um ýmis sjónarmið sem vert er að hafa í huga í þessu sambandi.

Ritnefnd FLE færir öllum greinarhöfundum og þeim sem komu að útgáfu blaðsins bestu þakkir fyrir framlag þeirra og vonar að efni þess höfði til sem flestra félagsmanna og annarra lesenda.

Janúar 2017,
Ólafur Már Ólafsson, Arnar Már Jóhannesson
Ingvi Björn Bergmann og Benóní Torfi Eggertsson.

ÚTG: FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

VINNSLA BLAÐSINS

RITNEFND FLE:

Ólafur Már Ólafsson, formaður
Arnar Már Jóhannesson
Ingvi Björn Bergmann
Benóní Torfi Eggertsson

Prentun: Guðjón Ó

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir

Janúar 2017, 39. árgangur 1. tölublað



SKRIFSTOFA FLE, HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

EFNI BLAÐSINS

| | |
|---|----|
| Af stjórnarborði | 2 |
| Starfsemi FLE | 6 |
| Skattlagning kaupréttar á hlutabréfum | 10 |
| Nýjar áritanir..... | 12 |
| Ársreikningalög..... | 14 |
| Gönguferð félagskvenna á Ítalíu | 17 |
| Nýir félagar 2017 | 20 |
| Aflandsfélög og lágskattasvæði..... | 21 |
| IFRS 16 - Leigusamningar | 24 |
| Descartes endurskoðunarhugbúnaðurinn | 26 |
| Félagatal-spáð í spilin | 28 |
| Skipan stjórnar og fastanefnda FLE..... | 30 |
| Golfannáll endurskoðenda sumarið 2016..... | 31 |
| Til hamingju með afmælið - árið 2017 | 32 |



Ritnefnd FLE. Frá vinstri: Ingui, Benóní, Ólafur og Arnar



Þau gleðitíðindi
áttu sér stað þann 17. júní 2016
að Stefán Svavarsson endurskoðandi
hlaut riddarakross, heiðursmerki
hinnar íslensku fálkaorðu



AF STJÓRNARBORÐI

Margrét Pétursdóttir er formaður FLE

Stjórn hittist reglulega og að jafnaði eru tólf stjórnarfundir á starfsárinu. Í stjórn sitja auk formanns: varaformaður Ágúst Jóhannesson, Ljósbrá Baldursdóttir gjaldkeri, Guðni Þór Gunnarsson meðstjórnandi og Sif Jónsdóttir ritari sem nýlega kom inn í stjórnina í stað Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur. Stjórn hefur virkjað áfram gjaldkera stjórnar í innra eftirliti félagsins og hefur það gengið vel og formfesta í innra eftirliti þannig aukin. Má segja að rekstur félagsins sé eins og best er á kosið miðað við stefnu og umfang. Félagið er að sinna margs konar málefnum á þágu félagsmanna stórum og smáum. Margt er vel gert eins eins og niðurstaða könnunar um fræðslumál félagsins ber með sér, en allt er breytingum háð og ný hagsmunamál koma upp sem þarfnast skoðunar eins og skilafrestir Ríkisskattstjóra á framtölum. Stjórnin þarf því að að beina kröftum sínum að ákveðnum málum og beina athyglinni að stærstu málunum svo einhver slagkraftur myndist.

KRÍUNESFUNDURINN

Stjórn hóf starfið með því að halda svokallaðan „Kríunesfund“ sem haldinn var þann 8. desember og var það í sjötta skipti sem samskonar fundur er haldinn. Um er að ræða vinnufund í hálfan dag þar sem mæta auk stjórnar, framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra nýkjörnir formenn allra nefnda sem hafa þá setið í nefndum í þrjú ár og því líklegir til að hafa skoðanir á

málum. Fundarmenn fá spurningarnar fyrirfram og geta rætt þær við þá nefnd sem þeir stýra. Að mínu viti er þessi fundur mikilvægur svo raddir félagsmanna um áherslur og breytingar heyrist en að sjálfsgöðu er mönnum frjálst að ræða hvaðeina sem á þeim brennur. Að þessu sinni voru fundarmenn beðnir að hugsa um starfsemi FLE og hvort þeir vildu sjá breytingar á henni, hvort FLE ætti að beita sér fyrir því að halda áfram að sinna gæðaeftirliti, hvernig hægt sé að dýpka umræðu í nefndum til að þær geti verið til stuðnings fyrir félagsmenn, hver ættu að vera stærðarmörk vegna endurskoðunar og hver ættu að vera áhersluafni stjórnar á starfsárinu. Fundurinn gekk mjög vel og í framhaldi af honum gekk stjórn frá starfsáætlun fyrir starfsárið framundan þar sem verkefnum var skipti niður á fundi ársins svo hægt væri að fylgjast með framvindu þeirra.

ÍMYNDARMÁL

Að öðrum málum ólöstuðum hafa ímyndamál stéttarinnar verið ofarlega á borði stjórnar. Það hefur mikið verið rætt innan okkar raða, að ímynd okkar hafi beðið hnekki í kjölfar efnahagshrunins og að við verðum að fara í markvissa vinnu til að styrkja og efla hana. Fyrirliggjandi er könnun frá árinu 2003 sem FLE lét vinna og nú var ákveðið að láta gera svipaða könnun og þá til að geta borið þær saman og greint þróunina. Fékk stjórn Capacent til liðs við sig og farið var af stað með viðhorfskönn-





Stjórn FLE 2015-2016 frá vinstri: Ágúst, Anna Birgitta, Margrét, Ljósbrá og Guðni

un haustið 2015 sem beint var annars vegar til einstaklinga og hins vegar til stærri fyrirtækja. Niðurstöður þeirrar könnunar lágu fyrir í upphafi ársins og staðfesta þær því miður að traust til stéttarinnar hefur minnkað mjög og einnig gefa niðurstöðurnar vísbendingu um að lítil þekking sé til staðar á þeirri vinnu sem við innum af hendi og hver ábyrgð okkar sé annars vegar og stjórnar hins vegar þegar kemur að ársreikningum félaga.

Stjórnin ákvað í framhaldinu að skipa sérstaka ímyndarnefnd síðast liðið vor sem í sitja formaður, Ljósbrá Baldursdóttir, Pétur Hansson, Eymundur Sveinn Einarsson og Erik Ingvar Bjarnason. Við skipan nefndarinnar var haft að leiðarljósi að fá til liðs við stjórnina fulltrúa frá bæði stærri og minni endurskoðunarfyrirtækjum auk fulltrúa frá ungum endurskoðendum og endurskoðendum sem starfa utan fagsins. Verkefni nefndarinnar er að greina niðurstöður viðhorfskönnunarinnar, gera tillögu að því hvaða þætti þarf að bæta og finna leiðir til að styrkja stöðu endurskoðandans sem fagmanns í hugum stjórnenda í fyrirtækjum og meðal almennings.

Nefndin hefur hist þrisvar, hefur fengið kynningu á niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar og mun í framhaldi af því setja niður áætlun. Gert er ráð fyrir að félagsmenn séu virkjaðir í þessa vinnu eins og hægt er, meðal annars með opnum fundi félagsmanna. Nefnd þessi var skipuð í apríl 2016 og er ætlað að starfa í þrjú ár.

Þrátt fyrir að nefndin hafi rétt hafið störf hefur stjórn samt ekki setið auðum höndum hvað ímyndamál varðar og er með nokkur verkefni því tengdu í stöðugri vinnslu. Má þar nefna utanumhald um greinarskrif í Morgunblaðinu og markvissar heimsóknir til hagsmunaaðila. Einnig eru ráðstefnur FLE

stundum auglýstar í fjölmiðlum og haft beint samband við fulltrúa fjölmiðla og þeim boðið á valdar ráðstefnur. FLE blaðinu er dreift sem víðast og einnig hefur bæklingi FLE um útboð verið dreift. Eins er tekið vel í að mæta í viðtöl í fjölmiðla þar sem málefni stéttarinnar eru til umræðu. Stjórn námsstyrkjasjóðs auglýsti styrki til umsóknar úr sjóðnum og var tveimur slíkum úthlutað á árinu og síðast en ekki síst færði FLE hjartadeild Landsspítalans gjöf að fjárhæð ein milljón króna í tilefni af 80 ára afmælis FLE á seinasta ári. Öllu þessu er ætlað að auka kynningu á stéttinni og auka traust til hennar.

Í umræðu um traust til stéttarinnar er áhugavert að skoða niðurstöður úr skoðanakönnun sem Gallup birti á í haust en þar kemur fram að:

- 52,1% af Íslendingum bera lítið eða alls ekkert traust til lífeyrirssjóða
- 38,2% bera lítið eða alls ekkert traust til ASÍ,
- 43,3% af svarendum bera lítið eða alls ekkert traust til Samtaka atvinnulífsins

Til upprifjunar þá var niðurstaða í könnunni sem við létum gera að það voru 22% sem báru lítið eða alls ekkert traust til endurskoðenda. Að sjálfsögðu er úrtakið annað og spurningar kannski öðruvísi en þó veltir maður því fyrir sér hvort það sé ekki heilt yfir verkefni á Íslandi að endurvekja traust í samfélaginu og það eigi alls ekki bara við um okkar stétt og kannski erum við að mála stöðuna óþarflega dökka. En það er spennandi að nefndin hefur hafið störf og nú þegar er hafin hugmyndavinna um hvað sé hægt að gera.





Frá stjórnarstörfum



Frá stjórnarstörfum



Ný stjórn skipuð á síðasta aðalfundi október 2016 frá vinstri: Ágúst, Ljósbrá, Margrét, Sif og Guðni

SKILAFRESTIR FRAMTALA OG ÁRSREIKNINGA

Annað mál sem var ofarlega á baugi á starfsárinu voru skilafrestir á framtölum og ársreiðingum til Ríkisskattstjóra og Ársreiðingaskrár en eins og félagsmönnum er vel kunnugt hefur Ríkisskattstjóri í mörg ár kvartað yfir skilum á skattframtölum. Í ár var fresturinn stytur og hefur Ríkisskattstjóri boðað frekari styttingu skilafrests. Félagið ásamt fulltrúum frá nokkrum endurskoðunarstofum áttu í heilmiklum viðræðum við Ríkisskattstjóra sem skiluðu litlum árangri í þeirri viðleitni að halda frestunum óbreyttum. Við erum ekki komin með tölur fyrir skil á framtölum í ár en félagsmenn hafa undanfarið ekki náð að standa við skilafresti og er það mikið hagsmunamál fyrir stéttina að unnið verði að því að skil geti verði sem jöfnust yfir árið.

Mikið hefur verið rætt um að það verði að koma á hlaupandi skilum eins og í nágrannalöndunum en skattstjóri hefur borið fyrir sig fjárskort en þó gefið til kynna að það verði framtíðin. Ríkisskattstjóri kom á morgunkorn félagsins í nóvember og fór yfir stöðu mála og framtíðina hvað varðar skil og fresti. Þar gafst félagsmönnum kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fá svör við spurningum sem brunnu á þeim. Stjórnin mun halda þessu samtali áfram við Ríkisskattstjóra því um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir félagsmenn ekki síst rekstrarleg.

ÖNNUR MÁL

Vinna við innleiðingu á breytingum á Evrópureglunum um endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum var hafin en hefur því miður legið niðri frá því í fyrravor. Eins og oft hefur komið fram á vettvangi félagsins bar okkur að innleiða þessar reglur fyrir 17. júní 2016 en það hefur ekki gengið eftir, aðallega vegna tafa við innleiðingu á breytingu á lögum um ársreiðingna. Núna er málið í biðstöðu, en félagið á áfram fulltrúa í ráðgefandi vinnuhópi hjá Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytinu og mun taka þátt í vinnu við innleiðinguna af fullum krafti með hagsmuni félagsmanna og atvinnulífisins alls að leiðarljósi um leið og hún fer aftur í gang.

Félagið hefur tekið virkan þátt í erlendu samstarfi á starfsárinu með þátttöku í fundum og viðburðum á vettvangi Norræna endurskoðunarsambandsins (NRF) og Evrópusambands endurskoðenda (FEE) og hefur það samstarf skilað okkur aðgengi að upplýsingum og umræðum um það sem hæst ber á vettvangi endurskoðenda í löndunum í kringum okkur. Þau gleðitíðindi áttu sér síðan stað núna í sumar að vinna NRF í tenglum við SASE (staðall fyrir endurskoðun á smærri félögum) skilaði því að Alþjóða staðlaráðið (IAASB) hefur ákveðið að taka endurskoðun smærri félaga sérstaklega á dagskrá og því ber að fagna.

Stjórnin hefur gert sitt besta til að halda hádegisverðarfundunum okkar lifandi en ekki borið árangur sem erfiði og hefur mætingin verið slök, svo slök að við höfum þurft að fella fundi niður þrátt fyrir að hafa fækkað þeim, stytta þá og fleira. Mér sýnist fullreynt með fundina, að þeir séu bara að verða undir í samkeppni við tíma félagsmanna en við ætlum allavega að reyna að halda í jólafundinn okkar áfram og svo fund þar sem við bjóðum nýja endurskoðendur velkomna.

Þau gleðitíðindi áttu sér stað þann 17. júní 2016 að Stefán Svavarsson endurskoðandi hlaut riddarakross, heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Hann var í hópi tólf Íslendinga sem forsetinn veitti þennan heiður. Stefán er vel að þessum heiðri kominn enda hefur hann verið í fararbroddi í faginu okkar á opinberum vettvangi sem og í menntun endurskoðanda og eru þeir ófáir endurskoðendur sem hafa litið upp til hans sem eins fremsta fræðimanns Íslands á þessu sviði.

Eins og áður hefur fjöldi félagsmanna komið að starfsemi FLE með einum eða öðrum hætti í fastanefndum, stjórnnum eða öðrum vinnuhópum og tekið þátt í að gera félagið að því sem það er í dag. Vill stjórn þakka öllum þessum aðilum fyrir framlag þeirra á starfsárinu. Þá vill stjórn einnig færa starfsmönnum félagsins þeim Sigurði og Hrafnhildi bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu sem og undanfarin ár. Að lokum vil ég þakka meðstjórnarmönnum fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu.

Margrét Pétursdóttir formaður



Formaður undirritar samning um styrk frá Námsstyrkja- og rannsóknarsjóði félagsins





Að venju eru fastanefndir félagsins mikilvægur hlekkur í starfsemi þess og bera oft hitann og þungann af ákveðnum málefnum

STARFSEMI FLE

BYGGT Á SKÝRSLU FRÁ AÐALFUNDI 2016

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE

Félagið stóð fyrir samtals 24 atburðum á starfsárinu sem veittu um 50 endurmenntunareiningar sem er sambærilegt við árið áður. Heildarmæting á þessa atburði var tæplega 1.500 manns samanborið við 1.400 á fyrra ári.

Það er aftur á móti áhyggjuefni hvernig hádegisverðafundirnir hafa þróast. Fyrir um fimm árum síðan og árin þar á undan voru haldnir 9-10 hádegisfundir á ári hverju og mæting að meðaltali um 50 félagsmenn. Undanfarin 2-3 ár höfum við verið að fækka fundum til að ná upp mætingunni en á síðasta starfsári var meðaltalsmæting samt ekki nema um 25 félagsmenn. Á nýliðnu starfsári þurftum við að fella niður einn fund vegna lítillar bókonar og svo aftur á nýbyrjuðu starfsári núna í október þegar einungis fjórir höfðu bókað sig daginn fyrir fund. Ekki rekur mig minni til þess að það hafi gerst áður síðan ég kom til starfa hjá félaginu og jafnvel fyrir þann tíma. Ný stjórn mun því þurfa að skoða þessi mál vandlega.

Þrátt fyrir minni mætingu á hádegisverðarfundi félagsins sem nemur rúmlega 100 manns þá var fjölgun á öðrum atburðum um rúmlega 200 manns. Morgunkornin gengu mjög vel en þar

var fjölgun um 40%. Mæting á ráðstefnur var með svipuðum hætti og árið áður, en þær skila tæplega helmingi í heildarmætingu. Námskeið og fræðslufundir stóðu jafnframt undir sínu og gott betur en þar var aukning sem nemur um 25%. Af einstökum viðburðum má nefna að fjölmennasta morgunkornið fjallaði um Milestone dóminn þar sem mættu 113 félagsmenn. Fjölmennasta námskeiðið fjallaði um fyrirtækjamenningu, siðfræði eða spilling en þar mættu 82. Að lokum má geta þess að fjölmennasta ráðstefnan sem FLE hélt á starfsárinu var Reikningsskiladagurinn þar sem 188 mættu til að hlýða á boðskapinn.

NEFNDARSTARF

Að venju eru fastanefndir félagsins mikilvægur hlekkur í starfsemi þess og bera oft hitann og þungann af ákveðnum málefnum. Á liðnu starfsári hefur meginþungi starfa Reikningsskilanefndarinnar legið í því að fylgja eftir og kynna breytingar á ársreikningslögum frá síðast liðnum vetri. Það endurspegladist meðal annars í því að Reikningsskiladagurinn núna í september fjallaði meira og minna um þær breytingar og ýmis önnur atriði sem þær munu leiða af sér.





Fjöldmenni var á Reikningsskiladegi félagsins

Endurskoðunarnefndin hefur lagt alla sína krafta undanfarin misseri í það að kynna sér til hlítar nýja staðla um áritanir en nefndin sendi frá sér tillögu að nýrri áritun stuttu fyrir árslok 2016, að teknu tilliti til þeirra ábendinga sem komu frá félagsmönnum bæði beint og í tengslum við vinnustofu á Haustráðstefnunni.

Fyrir utan hefðbundin störf Skattanefndarinnar þá hafa frest-mál og samskipti við RSK risið einna hæst á liðnu starfsári. Það er ljóst að hér er mikið hagsmunamál á ferðinni fyrir okkur endurskoðendur þar sem mikilvægt er að ná farsælli og viðunandi lendingu fyrir alla aðila. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri munu funda áfram með RSK þar sem þessi mál verða tekin til umræðu.

Störf Gæðanefndarinnar hafa verið í föstum skorðum undanfarin ár og hafa aðallega tengst yfirferð gæðaeftirlitsskýrsla en lögbundið gæðaeftirlit er með störfum okkar undir yfir-stjórn Endurskoðendaráðs. Ef að líkum lætur þá mun það eftir-lit hverfa af borði félagsins á þessu eða næsta ári. Hvar og hvernig því verður fyrirkomid, liggur enn ekki fyrir, en félagið mun leitast við að tryggja ásættanlega lendingu fyrir stéttina.



Heiðursfólk á hádegisfundi í tilefni jóla

ÍMYNDARMÁL

Stjórn félagsins hefur sett á laggirnar nefnd um ímyndarmál sem hefur það að markmiði; að greina niðurstöður viðhorfs-könnunar; gera tillögu að því hvaða þætti þarf að bæta og finna leiðir til að styrkja stöðu endurskoðandans sem fagmanns í



hugum stjórnenda í fyrirtækjum og meðal almennings. Þá er nefndinni gefinn tími til að vinna að þessu í allt að þrjú ár.

En við þurfum jafnframt að hafa í huga að hluti af ímynd félagsins snýr ekki síður inn á við, að okkur félagsmönnum sjálfum. Við þurfum því að spyrja okkur grundvallarspurninga: Fyrir hvað viljum við að félagið okkar standi og hvaða starfsemi á að fara þar fram? Ennfremur, hver framtíðarsýn okkar er og hvaða áhrif munu þær hugsanlegu fyrirhuguðu breytingar hafa sem framundan eru eins og tilfærsla gæðaeftirlits og afnám skylduaðildar. Til að taka samtal um þessi atriði og ýmis önnur sem brenna á félagsmönnum hyggst framkvæmdastjóri heim-sækja sem flest endurskoðunarfyrirtæki á komandi misserum og hefur reyndar þegar farið í nokkrar slíkar heimsóknir sem hafa verið afar fróðlegar og málefnalegar.

Forsvarsmenn endurskoðendafyrirtækja eru hvattir til að hafa samband ef þeir hafa áhuga á slíku samtali. Félagsmönnum er bent á að skrifstofa félagsins er alltaf opin ef ykkur liggur eitt-hvað á hjarta sem þið viljið koma á framfæri.

FÉLAGSMENN

Eins og fram kemur í árskýrslunni á yfirliti um fjölda endurskoð-enda þá hefur hann nánast staðið í stað undanfarin ár. Og það þrátt fyrir að á síðast liðnum þremur árum hafi útskrifast 23 einstaklingar. Á sama tíma hefur fjöldi endurskoðenda sem starfa hjá endurskoðunarfyrirtæki jafnframt fækkað úr 261 í 246. Stjórnin hefur áhyggjur af þessari þróun en þegar fara saman á sama tíma stórir árgangar sem eru að nálgast starfs-lok og fækkandi einstaklingum sem taka löggildingu þá er ekki von á góðu. Stjórn félagsins hefur því fjallað um þetta mál frá ýmsum hliðum. Er þetta ímyndarmál vegna fjölmiðlaumfjöll-unar um störf okkar sem endurspeglast í minni áhuga hjá ungu fólki; er þetta undirbúningurinn á háskólastigi; er þetta vegna mismunandi aðbúnaðar hjá endurskoðunarfyrirtækjum; eru prófin of þung og óraunhæf; eru skyldur og ábyrgð endurskoð-enda að fæla frá; og síðast en ekki síst eru kjör og umbun fyrir mikla ábyrgð stéttarinnar með þeim hætti að ekki þykir spenn-andi? Þetta eru verkefni sem blasa við okkur sem ég tel víst að Ímyndarnefndin og Menntunarnefnd félagsins munu þurfa að taka til umfjöllunar á starfsárinu.

ERLEND ÁHRIF

Eitt stærsta verkefni félagsins á komandi starfsári verður áframhaldandi vinna á vegum ráðuneytisins við innleiðingu Evróputilskipunarinnar um endurskoðun. Þar er brýnt að gæta hagsmuna okkar sem áður hefur verið fjallað um á vettvangi félagsins svo sem er varða gæðaeftirlitsmál, alþjóðlega staðla, hlutverk endurskoðendaráðs, skylduaðild að FLE, lengd ráðning-artíma, svo dæmi séu tekin.



Gæðanefnd að störfum



Áhugasamir nemar á spjallstofu



Framkvæmdastjóri fer yfir þáttökulista á Skattadegi



Frá Skattadegi félagsins

Undanfarin tvö til þrjú ár hefur verið vinna í gangi og umræða innan NRF hvað varðar svo kallaðan SASE staðal til notkunar við endurskoðun lítilla viðskiptavina. Þó nokkur umræða og litrík skoðanaskipti hafa verið í gangi síðastliðið ár í Evrópu sem og alþjóðavettvangi og sitt sýnist hverjum. Alla vega er ljóst að þetta útspil Norðurlandanna hefur leitt af sér miklar vangaveltur.

Í janúar 2017 verður haldin vinnuráðstefna í París um endurskoðun lítilla fyrirtækja og þarfir endurskoðenda í þeim efnum og verður SASE m.a. tekinn til umfjöllunar. Ráðstefnan verður lokaður vettvangur en að henni standa Alþjóðlega staðlaráðið (IAASB sem gefa út ISA,s) bandaríska og franska endurskoðendasambandið svo og NRF. Fyrir utan fulltrúa frá framangreindum samtökum verður jafnframt boðið völdum fulltrúum frá B4 og öðrum alþjóðlegum endurskoðunarfyrirtækjum sem og frá minni endurskoðunarfyrirtækjum og fulltrúum frá ýmsum endurskoðendasamtökum svo dæmi séu tekin. Gera má ráð fyrir að fjöldi þátttakenda verði á bilinu 80- 100 manns, en þetta verður 2ja daga vinnuráðstefna sem Norðurlöndin gera sér miklar vonir um að skili jákvæðri niðurstöðu, en eins og þið vitið hafa þessi málefni verið baráttumál innan NRF síðastliðin ár en gengið erfiðlega að ná eyrum IAASB sem nú virðist aftur á móti að vera bera árangur.

STYRKIR

Eins og fram kemur í ársskýrslu félagsins veitti Námstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE nú í fyrsta sinn styrki til eflingar rannsókna sem falla undir markmið sjóðsins. Veittir voru tveir styrkir á starfsárinu, annars vegar til rannsóknar á gæðum reikningsskila og mikilvægra forsenduþátta fyrir gæðum endurskoðunar og hins vegar til samanburðarrannsóknar á endurskoðunarnefndum, starfsumhverfi þeirra og umfangi.

Eins og kemur fram í markmiðum sjóðsins er það ósk og von félagsins að slíkir styrkir auki faglega umfjöllun um störf okkar sem og að viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess. Gerir félagið sér því vonir um að áframhald verði á í þessum efnum.

Ég vil að lokum þakka fráfarandi stjórn og nefndum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári, og ykkur félagsmenn góðir að hafa tekið þátt í þeim atburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu starfsári.

Sigurður B. Arnþórsson





Engin sérstök ákvæði eru um hvernig fara skuli með umrædda frestun eða skattkvöð við þær aðstæður þegar kaupréttarhafinn deyr áður en hann selur bréfin

SKATTLAGNING KAUPRÉTTAR Á HLUTABRÉFUM

Vala Valtýsdóttir er lögfræðingur og starfar hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur

Ákvæði um skattlagningu kaupréttar á hlutabréfum kom fyrst inn í tekjuskattslög á Íslandi árið 2000, nánar tiltekið með lögum nr. 86/2000. Það efnisákvæði hefur staðið óbreytt þar til að lög nr. 79/2016 voru samþykkt 2. júní 2016. Með 1. gr. umræddra breytingarlaga var ákvæði 9. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003, breytt þannig að skattlagningu tekna vegna kaupréttar skal frestað þar til bréfin eru seld, en áður fór tekjufærsla fram á nýtingarári og staðgreiðsla skatta strax við nýtingartíma.

1. TIL HVERRA TEKUR ÁKVÆÐIÐ?

Í ákvæðinu segir að það taki til tekna vegna kaupa manns á hlutabréfum samkvæmt kauprétti sem hann hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila. Þannig nær það til starfsmanna á hverjum tíma. Alla jafna verður að telja að launaðir stjórnarmenn falli einnig undir ákvæðið. Hins vegar tekur ákvæðið ekki til annarra svo sem eigenda/hluthafa félags.

2. SKATTLAGNINGU FRESTAÐ

Þrátt fyrir að ákvæðið láti lítið yfir sér og virðist vera frekar skýrt þá eru ýmis álitamál sem koma upp við framkvæmd þegar máta á tilvikin við það. Hér má nefna a) nær frestun skattlagningar til allra skatta b) hvernig fer með skattlagningu kaupréttar milli landa og c) hvernig verður skattlagningu háttáð við andlát kaupréttarhafa.

a) Nær frestun skattlagningar til allra skatta?

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 79/2016 var ákvæði 9. gr. tekjuskattslaga breytt á þann veg að skattlagningu tekna vegna kaupréttar er frestað þar til hlutabréf (eignarhlutir) eru seld. Hvað þýðir þetta? Í stað þess að skattlagning er við innlausn eða nýtingu kaupréttar eins og hefur verið er henni frestað – og færast því sú skattkvöð milli ára þar til bréfin eru seld. Hins vegar miðast skattstofninn við nýtingu réttarins. Það sem vekur athygli er að öðrum skattalögum var ekki breytt til samræmis. Þetta þýðir því að



tryggingagjaldi sem innheimta skal af launatekjum er ekki frestað og ber að skila því við nýtingu kaupréttar. Við framlagningu frumvarpsins var ákvæðið þannig:

Tekjur samkvæmt þessari grein koma til skattlagningar þegar hlutabréfin eru seld. Telst mismunur á kaupverði hlutabréfa samkvæmt kaupréttarsamningi og söliverði bréfanna til launatekna.

Í meðförum Alþingis var ákvæðinu breytt þannig að skattstofninn og skattlagning kaupréttar sett í sama far og áður, þó þannig að skattlagningu og greiðslu skattsins er frestað fram að sölu. Með breytingartillögu efnahags- og viðskipta-nefndar Alþingis fylgdi nefndarálit og segir þar m.a.:

*Meginreglan verði áfram sú að líta skuli á mismun á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur sem **starfstengda launagreiðslu sem sætir sömu skattalegri meðferð og aðrar launagreiðslur.***

Eins og segir áður þá voru ekki gerðar breytingar á öðrum skattalögum samfara þessari breytingu og ber því launagreiðanda að greiða tryggingagjald af mismun á gangverði og kaupverði.

Þá er spurningin hvort skattlagningu útsvars skuli einnig frestað. Í 1.mgr. 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga kemur fram að stofn til álagningar útsvars skuli vera hinn sami og tekjuskattstofn. Jafnframt segir í 2. mgr. 22. gr. sömu laga að ákvæði **tekjuskattslaga gildi um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.** Af þessu verður ekki annað ráðið en frestun skattlagningar skuli ennfremur eiga við í þessu sambandi. Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hver á að skila skattinum þegar kemur að skuldadögum.

b) Hvernig fer með skattlagningu kaupréttar milli landa?

Flest ríki skattleggja kauprétt við nýtingu/innlausn eða við öflun hans. Þá er spurning hvernig fari með þegar kaupréttur er skattlagður erlendis en einnig á Íslandi þegar tímasetning skattlagningar er ekki sú sama. Til dæmis ef einstaklingur sem ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattlagður að hluta eða öllu

leyti vegna kaupréttar erlendis á árinu 2017, en á Íslandi er frestað að skattlagningu þar til hlutabréf eru seld á árinu 2020. Verður í þessu tilviki hægt að fá frádrátt vegna hinnar erlendu skattlagningar þegar skattlagning fer fram á Íslandi 2020? Víst er að þetta er mjög óljóst, alla vega er erfitt að sjá að slíkt sé heimilt, a.m.k. miðað við núverandi löggjöf.

c) Hvernig verður skattlagningu háttáð við andlát kaupréttarhafa?

Engin sérstök ákvæði eru um hvernig fara skuli með umrædda frestun eða skattkvöð við þær aðstæður þegar kaupréttarhafinn deyr áður en hann selur bréfin. Munu erfingjar njóta skattfrestunarinnar eins og hinn látni? Að minnsta kosti er það vafa undirorpið enda er einungis eitt ákvæði í tekjuskattslögum þar sem réttur arfláta flyst yfir til erfingja og það er vegna íbúðarhúsnæðis, sbr. 23. gr. tekjuskattslaga. Verður þá dánarbúið að greiða skattinn strax við andlát þar sem frestunin fellur eðli málsins samkvæmt niður við aðilaskiptin, þ.e. litið á aðilaskiptin sem sölu? Ef svo er, verður litið svo á að skattlagningin eigi að vera á hinn látna eða á dánarbúið. Erfitt verður að leysa úr slíkum flækjum enda ljóst að engin sala hefur farið fram.

LOKAORÐ

Að lokum verður ekki hjá því komist að velta fyrir sér hvernig staðgreiðsla skatts fer fram við sölu ef breytingar hafa orðið á starfssambandi skattaðila. Ólíklegt er að hinum nýja launagreiðanda beri að halda eftir greiðslu enda er ekki um að ræða starfstengda launagreiðslu frá honum. Líklegast verður niðurstaðan sú að skattaðili sjálfur verður að skila skattinum og þá í álagningu. Sömu vandamál koma upp eins og áður var minnt á hvað varðar þær aðstæður þegar kaupréttarhafi deyr.

Hér hefur verið stiklað á stóru en sannarlega koma upp fleiri vandamál við framkvæmd ákvæðisins.

Vala Valtýsdóttir





Í áráraðir hefur áritun endurskoðanda lítið breyst og verið keimlík hjá öllum fyrirtækjum. Á sama tíma hefur flækjustig í viðskiptalífinu aukist til muna, sem kallar á flóknari reikningssskilareglur og skýringar

NÝJAR ÁRITANIR

FYRIR ÁRSREIKNINGA MEÐ LOK REIKNINGSÁRS 15. DES 2016 OG SÍÐAR

Helga Hjálmrós Bjarnadóttir er endurskoðandi hjá PwC og Elín Hanna Pétursdóttir er endurskoðandi og starfar hjá Eimskip

BREYTINGAR Á ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Í desember 2016 tóku gildi nýir og uppfærðir alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar sem fjalla um áritanir endurskoðanda. Samkvæmt þeim skulu allir endurskoðaðir ársreikningar sem hafa lok reikningsárs 15. desember 2016 eða síðar bera þessar nýju og breyttu áritanir.

Í áráraðir hefur áritun endurskoðanda lítið breyst og verið keimlík hjá öllum fyrirtækjum. Á sama tíma hefur flækjustig í viðskiptalífinu aukist til muna, sem kallar á flóknari reikningssskilareglur og skýringar. Leggja hefur þurft meira vægi á faglegt mat og dómgreind, bæði hvað varðar fjárhæðir í ársreikningi og skýringar með ársreikningi. Það er því eðlilegt að áritun endurskoðandans breytist í takt við þetta aukna flækjustig og gefi þannig meira virði fyrir notendur reikningsskilanna.

Þessar breytingar fela meðal annars í sér að í áritun endurskoðanda á ársreikninga þeirra aðila sem hafa skráð hlutabréf og skuldabréf í kauphöll er endurskoðandanum skylt að taka fram helstu lykiltríði sem mestu máli skiptu við endurskoðunina. Einnig er heimilt að hafa þennan kafla inni í áritunum annarra félaga. Nánar er fjallað um kafla um lykiltríði endurskoðunarinnar hér fyrir neðan.

BREYTT UPPBYGGING OG NÝ EFNISATRIÐI ÁRITUNAR

Það sem efst er á baugi er varðar breytingu á uppbyggingu áritunar er það að álitsmálgrein kemur nú fremst í árituninni og því sér lesandinn fljótt hvort um sé að ræða fyrirvaralaus áritun,

áritun með fyrirvara eða ábendingu, neikvæðu álitu eða án álits en tegundir áritana hafa ekki breyst.

Aðrar breytingar sem gilda um áritanir endurskoðanda á ársreikninga allra fyrirtækja eru þær að endurskoðandinn skal fjalla um rekstrarhæfi sbr. ISA 570 ef við á. Kaflar um ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra og ábyrgð endurskoðandans hafa verið gerðir mun ítarlegri. Undir ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra er nú umfjöllun um ábyrgð þeirra til að meta rekstrarhæfi viðkomandi félags. Undir ábyrgð endurskoðanda kemur inn kafla um að endurskoðandinn hafi ályktað um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og að metið hafi verið á grundvelli endurskoðunarinnar hvort vafi leiki á rekstrarhæfi. Óhæðisstaðfesting endurskoðandans er jafnframt orðin hluti af árituninni. Endurskoðandinn skal einnig fjalla í áritun sinni um aðrar upplýsingar sbr. ISA 720 ef við á. Ef um er að ræða áritun vegna endurskoðunar samstæðu ber endurskoðandanum að setja inn kafla í áritunina þar sem kemur fram að hann hafi aflað nægjanlegra endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Einnig að endurskoðandi samstæðunnar sé ábyrgur fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar og að hann einn beri ábyrgð á álitu sínu.

LYKILATRIÐI ENDURSKOÐUNARINNAR

Fyrir félög sem hafa skráð skuldabréf eða hlutabréf í kauphöll þarf endurskoðandinn að taka fram þau málefni sem hann skilgreinir sem lykiltríði endurskoðunarinnar í áritun sinni. Eins og



fram kom hér að framan er einnig heimilt að hafa þennan kafla með í áritunum endurskoðanda á ársreikninga þeirra eininga sem ekki eru með skráð verðbréf í kauphöll.

Tilgangur þess að gera grein fyrir lykilatridum endurskoðunarinnar er að auka verðmæti áritunarinnar með því að veita meira gagnsæi um framkvæmd hennar enda er áritunin eins og flestir vita það eina sem notandi reikningsskilanna sér sem sönnun um vinnu endurskoðandans og eru einnig oft einu samskipti endurskoðandans við lesandann. Tilgangurinn er jafnframt að veita frekari upplýsingar til notenda reikningsskilanna til að aðstoða þá við að öðlast skilning á þeim atriðum, sem samkvæmt faglegu mati endurskoðandans voru þýðingarmest í endurskoðun ársins. Kaflinn um lykilatridi endurskoðunarinnar getur einnig aðstoðað notendur við að skilja starfsemi félagsins og hvaða liðir eru háðir reikningshaldslegu mati stjórnenda. Kaflinn í árituninni kemur ekki í stað skýringa eða upplýsinga í ársreikningi, kemur ekki í stað fyrirvara í áritun, neikvæðs álits eða áritunar án álits og kemur ekki í staðinn fyrir kafla um rekstrarhæfi þegar vafi leikur á að rekstrarhæfi sé til staðar. Þessi lykilatridi eru einnig oft á tíðum útskýrð í skýringum við ársreikninginn sem settur er fram af stjórnendum en hingað til hefur áritunin ekkert sagt um hvað endurskoðandinn gerði til þess að ná sér í nægjanlega vissu um að þessi málefni væru án verulegrar skekkju.

Lykilatridi endurskoðunar eru þau atriði sem samkvæmt faglegu mati endurskoðandans höfðu mesta þýðingu í endurskoðun ársins. Ekki er látið í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatridi, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild. Í umfjöllun um lykilatridi endurskoðunar þarf að koma fram tilvisun í skýringar, útskýring á því af hverju viðkomandi atriði voru talin hafa mikla þýðingu í endurskoðuninni skilgreind lykilatridi og hvernig endurskoðun var framkvæmd er varðar þessi tilteknu lykilatridi. Atriðin eru valin úr þeim atriðum sem upplýst er um til stjórnar og endurskoðunarnefndar. Til dæmis getur verið um að ræða verulega áhættuliði, matskennda liði eða verulega viðburði á tímabilinu. Sviksemisáhætta í tekjuskráningu og sniðganga stjórnenda á innra eftirliti sem eru alltaf verulegir áhættuliðir í endurskoðun sbr. kröfur ISA þurfa ekki endilega að vera lykilatridi endurskoðunarinnar. Þessi atriði standa jafnhliða öðrum atriðum sem upplýst voru til stjórnar og endurskoðunarnefndar við val á lykilatridum endurskoðunarinnar.

Það þarf því að huga að því snemma í endurskoðuninni hvaða atriði það geta mögulega verið sem endurskoðandinn vill setja fram í áritun sinni þannig að hægt sé að hefja umræður við stjórn og endurskoðunarnefnd um þau atriði sem fyrst þannig allir aðilar máls séu upplýstir.

Heimild er í ISA 701 til þess að upplýsa ekki um lykilatridi endurskoðunar í einstaka tilfellum. Það á við ef lög eða reglur leyfa ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat endurskoðandans er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna. Í vinnupappírnum endur-

skoðandans þurfa að koma fram þau atriði sem kröfðust mikillar athygli í endurskoðuninni og rökstuðningur á því hvort þau voru skilgreind lykilatridi endurskoðunarinnar eða ekki.

Eftirfarandi er dæmi um hvernig umfjöllun um lykilatridi í endurskoðuninni gæti litið út, en það ber að nefna að þetta getur orðið mjög mismunandi milli eininga, enda skal hver áritun aðlöguð að hverri einingu fyrir sig. Hér er tekið dæmi um það að mat á viðskiptavild sé lykilatridi í endurskoðuninni en slík atriði geta einnig verið sem dæmi endurskoðun á tekjum, mat á fjármálagerningum, skattamál, aflögð starfsemi, mat á lífeyrisskuldbindingu eða tjónaskuld, stórar fjárfestingar eða jafnvel eitthvað verulegt sem gerst hefur á árinu í starfsemi einingarinnar.

DÆMI UM FRAMSETNINGU Á VIÐSKIPTAVILD SEM LYKILATRIDI Í ENDURSKOÐUNINI

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) er félaginu skylt að framkvæma árlegt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild. Viðskiptavild er verulegur hluti af heildareignum X hf. og er samkvæmt okkar faglega mati mikilvægt atriði í endurskoðun okkar á félaginu. Virðisrýrnunarprófið sem er framkvæmt er flókið og eru margar undirliggjandi forsendur sem byggðar eru á rekstraráætlunum félagsins og vaxtakjörum þess. Viðskiptavildin sem um ræðir er að mestu leyti tilkomin vegna kaupa félagsins á dótturfélagi þess í Suður-Ameríku. Framkvæmd virðisrýrnunarprófsins og forsendum þess er lýst í skýringu nr. x við ársreikninginn og koma allar helstu forsendur þar fram. Í skýringunni er sérstaklega tekið fram að smávægileg breyting í undirliggjandi forsendum getur haft þau áhrif að færa þurfi virðisrýrnun á viðskiptavildinni í framtíðinni. Við endurskoðun okkar á viðskiptavild yfirforum við allar helstu forsendur virðisrýrnunarprófsins, við fengum til liðs við okkur verðmatssérfræðing sem aðstoðaði okkur við að meta þessar undirliggjandi forsendur sem og að skoða þann tekjuvöxt sem gert var ráð fyrir í virðisrýrnunarprófinu. Hann yfirfor einnig rekstraráætlanir stjórnenda og þann tekjuvöxt sem gert var ráð fyrir í áætlunum. Við yfirforum einnig hvort okkur þætti skýringar við ársreikninginn nægjanlega upplýsandi er varðar skýringar á þessum helstu forsendum prófsins.

ÁRSSKÝRSLUR

Það er vert að nefna að ef eining gefur út ársskýrslu sem innifelur ársreikning áritaðan af endurskoðanda félagsins ber endurskoðandanum skylda til þess að lesa ársskýrsluna og mynda sér skoðun á því hvort innihaldið sé í samræmi við niðurstöður endurskoðunarinnar og skal áritunin bera þess merki sbr. ákvæði í ISA 720.

FYRIRMYNDIR AÐ ÁRITUNUM

Endurskoðunarnefnd FLE hefur útbúið fyrirmynd að breyttum áritunum á íslensku fyrir félagsmenn og má finna þessar fyrirmyndir á innri vef FLE, www.fle.is

Helga Hjálmrós Bjarnadóttir og Elín Hanna Pétursdóttir





Upp hafa komið ýmis álitamál um beitingu tiltekinna lagaákvæða. Það var viðbúið að svo yrði, jafnvel þó vandað sé til verka við lagasetningu og reynt að fremsta megni að hafa lagaákvæði skýr

ÁRSREIKNINGALÖG

Sæmundur Valdimarsson er endurskoðandi hjá KPMG

ÁLITAMÁL OG ÖNNUR MÁL

Í júní 2016 samþykkti alþingi breytingar á lögum um ársreikninga. Breytingarnar, sem að stórum hluta má rekja til innleiðingar á tilskipunum Evrópusambandsins, eru afturvirkar og gilda fyrir fjárhagsár sem hófust 1. janúar sama ár eða síðar. Í innsendum erindum við frumvarp að breytingalögunum kom fram að afturvirk lagasetning væri óheppileg. Ekki var tekið tillit til þeirra ábendinga. Upp hafa komið ýmis álitamál um beitingu tiltekinna lagaákvæða. Það var viðbúið að svo yrði, jafnvel þó vandað sé til verka við lagasetningu og reynt að fremsta megni að hafa lagaákvæði skýr. Erfitt er að sjá hver álitamálin verða fyrr en að beitingu nýrra ákvæða kemur. Því hefði verið heppilegra að lögin giltu frá og með árinu 2017, svo tími ynnist til að kryfja til mergjar það sem óljóst kann að vera. Má til samamburðar geta þess að þegar gefnir eru út nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar er þeim félögum er þeim beita gefinn tími, jafnvel nokkur ár, til að undirbúa breytingar. Í þessari grein verða tíunduð nokkur efnisatriði lagabreytinganna og gerð grein fyrir álitamálum sem upp hafa komið. Svörum kann að vera áfátt í sumu enda ekki öll kurl komin til grafar. Það er von greinarhöfundar að álitsnefnd FLE, nýskipað reikningsskilaráð og eftir atvikum skattýfirvöld muni sem allra fyrst senda frá sér álit á þeim málum sem hér verða tíunduð.

HLUTDEILD OG ARÐUR

Segja má að með breytingum á ársreikningalögum sé búið að rjúfa sambandið milli hagnaðar og óráðstafaðs eigin fjár. Þannig er ekki sjálfgefið að hagnaður sem færður er í rekstrarreikning sé að öllu leyti tækur til arðgreiðslna þó að um óráðstafað eigið fé sé að ræða. Meðal þess sem hér skiptir máli er ákvæði um að nemi hlutdeild sem færð er í rekstrarreikning vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna hærri fjárhæð en sem nemur mótteknum arði, eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, skuli það sem umfram er fært á bundinn reikning meðal eigin fjár. Þrátt fyrir að ákvæðið virðist einfalt við fyrstu sýn hafa vaknað ýmsar spurningar um beitingu þess. Má þar nefna eftirfarandi:

1. Skal reikna út bindingu vegna hlutdeildar umfram arð vegna fyrri ára, þ.e. reikna út bindingu miðað við 1. janúar 2016 eða hefst bindingin frá og með árinu 2016?
2. Ef hlutdeild frá fyrri árum telst óbundin skal þá samt sem áður færa móttekinn arð sem rekja má til afkomu fyrri ára til lækkunar á útreiknaðri bindingu?
3. Má eða skal við útreikninginn jafna saman hlutdeild í hagnaði eins félags á móti hlutdeild í tapi annars félags?





Hér er Sæmundur ásamt Hörpu Theódórsdóttur viðskiptafræðingi hjá ANR en þau héldu bæði erindi á Reikningskiladegi FLE

Ég tel að binding hefjist frá og með árinu 2016 en að hlutdeild fyrri ára sé óbundin enda sé ekki um breytingu á reikningskilaaðferð að ræða. Að sama skapi ætti móttekinn arður á árinu 2016 sem kemur til vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna vegna fyrri ára ekki að færast til lækkunar við útreikning á bindingu fyrri ára. Með bindingu vegna fyrri ára væri tekinn af hluthöfum réttur sem þeir áttu í árslok 2015 til að greiða út arð.

VIÐSKIPTAVILD

Viðskiptavild skal nú ávallt afskrifuð á tíu árum. Áður var heimilt að afskrifa hana með kerfisbundnum hætti á allt að 20 árum eða meta árlega með virðisprófi. Hér er gengið lengra en samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins þar sem segir að afskrifa skuli á áætluðum nýtingartíma en sé ekki hægt að ákvarða nýtingartíma viðskiptavildar skuli afskrifa hana á tímabili sem aðildarríki ákveða og má vera á bilinu fimm til tíu ár. Mörg íslensk félög hafa beitt heimild til að meta virðisrýrnun árlega í stað þess að afskrifa hana og vitað er að sum þessara félaga hafa ákveðið að taka upp alþjóðlega reikningskilastaðla. Samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum er óheimilt að afskrifa viðskiptavild heldur skal hún metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Hér hafa komið upp nokkur álitamál svo sem um afskriftatíma ef nýtingartími viðskiptavildar er metinn vera skemmri en tíu ár. Á þá samt sem áður að afskrifa hana á tíu árum? Líklega er ekki svo því við lagabreytingarnar kom inn ákvæði þess efnis að hafi viðskiptavild sætt niðurfærslu sé óheimilt að færa hana til fyrra horfs. Því virðist heimilt að afskrifa hana á skemmri tíma en tíu árum í slíkum tilvikum.

Slíkt er eðlilegt enda ein meginregla reikningshaldsins að gæta skuli að því að ofmeta ekki eignir.

ALLIR ÁRSREIKNINGAR SKULU VERA Á ÍSLENSKU

Hingað til hefur félögum sem hafa annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu verið heimilt að birta ársreikning sinn á ensku eða dönsku í stað íslensku. Þessu hefur nú verið breytt og skal ársreikningur þessara félaga vera á íslensku en heimilt er að hafa hann jafnframt á ensku ef nauðsyn ber til. Skráð félög með annan starfrækslugjaldmiðil en krónu hafa sum einungis birt reikningskil sín á ensku. Nú vaknar sú spurning hvort þeim sé heimilt að leggja enska útgáfu ársreikningsins fram til samþykktar á. Ekki verður séð af þessu ákvæði laganna að það sé óheimilt. Hins vegar er fortakslaust að skila þarf ársreikningi á íslensku til ársreikningaskrár.

ER HNAPPURINN HJÓMIÐ EITT?

Í lögnum eru nú ákvæði um að í stað ársreiknings sé örfélögum heimilt, með ákveðnum undantekningum, að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggð á skattframtali félagsins og teljist slík rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit gefa glögga mynd af afkomu og efnahag félagsins. Þessi heimild hefur gengið undir heitinu „hnappurinn“. Líklega teljast um 80% íslenskra félaga örfélög. Ársreikningaskrá skal gera þessum félögum kleift, við rafræn skil til skrárinnar, að nota innsendar upplýsingar til ríkisskattstjóra til að semja rekstraryfirlitið og efnahagsyfirlitið. Ekki er skylt að skoðunarmaður yfirlit slíks reikningsyfirlit. Óljóst er hvert gildi hnappsins er, þ.e. hvort félög



sleppa þá við að gera ársreikning eða hvort hnappurinn gildi eingöngu um skil til ársreikningaskrár. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

1. Lög um hlutafélög, einkahlutafélög og bókhaldslög vísa öll til ársreiknings. Sem dæmi segir í 22. gr. laga um bókhald að þeir sem bókhaldsskyldir eru skuli semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningurinn skal samkvæmt þeim lögum a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á.
2. Skömmu eftir að lög um breytingar á lögum um ársreikninga voru samþykkt á Alþingi voru gerðar breytingar á lögum um tekjuskatt. Segir nú í 90. gr. ársreikningalaga að skýrslu lögaðila og einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skuli fylgja undirritaður ársreikningur með sundurliðunum og skýringum (skáletruðum orðum var bætt við lagagreinina). Í athugasemdum við frumvarpið að lagabreytingunum segir meðal annars: „Í tilefni af breytingum á ársreikningalögum, þar sem dregið er úr upplýsingagjöf sem lítil félög þurfa að láta fylgja ársreikningi í skýringum, er lagt til að tekinn verði af allur vafi um skyldu rekstraraðila til þess að leggja fram með skattframtali sínu ársreikning, sem innifeli rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðunum og skýringum.“ Hér er því verið að skerpa á kröfunni um að ársreikningur skuli fylgja skattframtali. Niðurstaðan virðist því sú, að samkvæmt ársreikningalögum þurfi ekki að gera ársreikning en ársreikningur skuli samt fylgja skattframtali. Rétt er að geta þess að samkvæmt nýbirtum framtalsleiðbeiningum virðist ríkisskattstjóri ætla að ganga þvert gegn þessum skýru ákvæðum.

ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF

Félög sem teljast stór félög, einingar tengdrar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna samkvæmt lögunum skulu nú láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið skal jafnframt hafa að geyma aðrar upplýsingar, svo sem stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins

og upplýsingar um viðeigandi ófjárhagslega lykilmælikvarða. Hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Með þessu ákvæði er verið að innleiða tilskipun frá Evrópusambandinu. Þess má geta að fyrir félög innan aðildarríkja Evrópusambandsins gildir ákvæðið frá og með árinu 2017 ólíkt því sem hér er. Með öðrum orðum er Ísland að taka ákvæðið upp fyrir gildistíma ESB. Það á eftir að koma í ljós að hversu miklu leyti íslenskum félögum sem ákvæðið tekur til tekst að uppfylla þessar kröfur í ársreikningi 2016 enda fyrirvarinn skammur.

AÐEINS MEIRA UM AÐSTAKMARKANIR

Eins og áður greinir skal færa hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár að svo miklu leyti sem hún er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta. Tvennt til viðbótar kann eftir atvikum að skerða arðgreiðslumöguleika féлага. Öll félög mega nú eignfæra þróunarkostnað. Sé það gert skal færa sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning. Bundni reikningurinn skal svo leystur upp með færslu á óráðstafað eigið fé til jafns við árlega afskrift þróunarkostnaðarins. Þá kom inn í lögin heimild til að tilgreina ákveðna fjármálagerninga á gangvirði gegnum rekstur. Hér er um að ræða eignir sem ekki teljast veltufjáreignir en félag kys að færa á gangvirði og gangvirðisbreytingar í rekstur. Sé þessi heimild nýtt skal færa fjárhæð er svarar til gangvirðisbreytinga sem færðar eru í rekstrarreikning á bundinn reikning meðal eigin fjár, að teknu tilliti til skattáhrifa ef við á.

AÐ LOKUM

Ýmsar aðrar breytingar voru gerðar á lögunum sem ekki hafa verið tíundaðar hér. Sem dæmi má nefna að skilgreiningum hefur verið fjölgað verulega, afleiður skal nú alltaf færa á gangvirði, heimild til að skila samandregnum ársreikningum hefur verið felld niður, refsikafli laganna hefur verið endurskrifaður að stórum hluta og sett voru ný ákvæði um sektir og slit féлага sem ekki skila ársreikningi. Loks má nefna að skylda til að innifela sjóðstreymi sem hluta af ársreikningi er fallin niður hjá öllum megin þorra féлага.

Sæmundur Valdimarsson





GÖNGUFERÐ FÉLAGSKVENNA Á ÍTALÍU

Kristrún Helga Ingólfssdóttir er endurskoðandi hjá KPMG

Við erum nokkrar félagskonur í FLE sem höfum verið saman í ræktinni undir frábærri handleiðslu þjálfara okkar Jóns Ívars Ólafssonar hjá WorldClass. Eftir margra ára þjálfun hjá Jónsa eins og við köllum þjálfara okkar þá var sjálfstraustið fyrir langar gönguferðir á erlendri grund orðið það gott að við skráðum okkur í gönguferð með Mundo sem er ferðaskrifstofa rekin af Margréti Jónsdóttur Njarðvík þar sem Jakobsvegurinn var genginn í tveimur áföngum vorið 2014 og 2015. Jakobsvegurinn er um 900 km leið frá Frakklandi til Santiago de Compostela á Spáni þar sem Pírennafjöllin eru þveruð. Eftir þessa reynslu var sjálfstraust okkar orðið það mikið að við keyptum okkur skipu- lagða ferð sem farin var síðastliðið haust. Leiðin sem við fórum var í Liguieria á Ítalíu þar sem við gengum í Appeníafjöllum frá Oltrepo Paves, sem er nálægt borginni Pavia og oft nefnt litla Tuscany, til strandbæjarins Camogli sem liggur við Miðjarðarhafið og er stutt frá Genova. Leiðin er gömul þjóðleið og nefnist saltleiðin þar sem í hundraði ára fluttu menn salt og annan varning frá Miðjarðarhafinu í vögnum beittum ösnum.





Allar erum við reynslumiklar af göngum um hálendi Íslands og höfum verið í gönguklúbbum þar sem landið hefur verið þverað. Flestar okkar eru vanar gönguskíðaferðum og þ.a.m. ein sem gróf sig í fönn á Vatnajökli í tvo sólarhringa á meðan beðið var af sér veður og ein okkar slasaði sig alvarlega á gönguskíðum. Í þessari ferð reyndi þó ekki á gönguskíðafærni en reynsla af fjallgöngum á Íslandi nýttist vel og þá ekki síst Esjuganga.

Þessi ferð var ólík pílagraímaleiðinni á Jakobsveginum að því leyti að lítið var um mannaferðir í Appeníaföllunum í Liguieria fyrir utan ákveðna fjallstoppa sem voru vinsælir áfangastaðir því að hér vorum við meira í óbyggðum. Við gengum upp í allt að 1.700 metra hæð og svona hátt uppi eða í 1.400 til 1.700 metra hæð þá er gróðurinn líkur íslenskum gróðri, loftslagið virtist vera orðið nógu kalt fyrir þannig gróður til að þrífast.

Saltleiðin er mjög fjölbreytt. Við byrjuðum í vínræktarháreiði þar sem vínekrur þekja hæðirnar, áfram lá leiðin í gegnum skóglendi. Á þessum slóðum voru engin ólívutré. Við færðum okkur smátt og smátt uppí fjöllin gengum í gegnum skóga, þéttan þyrnigróður sem rispaði alla útlími sem ekki voru þaktir fatnaði. Við gengum sem eftir var leiðar eftir fjallshryggjum en í lok hvers dags færðum við okkur niður í fjallaþorpa í dölunum og gistum þar á vinalegum fjölskyldureknum sveitahótelum eða gistiheimilum. Eftir því sem nær dró Miðjarðarhafinu þá breyttist gróðurinn og við tóku ólívutré og annar gróður. Það var magnað þegar hæstu tindum var náð að sjá útsýnið niður að Miðjarðarhafinu.

Hótelstjóri á hverjum stað fór með farangur okkar yfir á næsta hótél. Hver gistihúsa eigandi fyrir sig sá um að hreinsa göngu-leiðina á milli staða þannig að leiðin væri greiðfær. Gönguslóðin sjálf var einnig breytileg eins og gróðurinn, skógarstígar, stórgrýti, hlaðnir kerruvegir utan í fjallshlíð sem hlaðnir voru á tímum Rómverja.

Við getum auðvitað ekki sleppt því að lýsa veðrinu, við vorum heppnar að það rigndi ekkert því göngustígarnir geta orðið hættulegir á köflum í rigningu en þeir lágu oft utan í snarbröttum hlíðum. En það er af veðrinu að segja að það var helst til of gott, mikill hiti og sól, yfirleitt yfir 30 stiga hiti. Þar sem við

gengum í óbyggðum þá þurftum við að bera vatn fyrir allan daginn og stundum vorum við stressaðar yfir því hvort vatnið dygði yfir daginn.

Snilldin við skipulagninguna á ferðinni var að við eyddum nokkrum dögum í lokin við Miðjarðarhafið, nutum lífsins í strandbænum Camogli, gengum frá Santa Margherita til Portofino og sigldum til baka og gengum á milli þorpa í Cinque Terre ásamt því að njóta strandlífsins í Camogli sem er yndislega notalegur bær.

Þegar við gengum í Appeníaföllunum þá var oft eins og við ættum fjöllin útaf fyrir okkur því á löngum köflum hittum við stundum ekki hræðu. Uppi á einum fjallstindinum hittum við franskan göngugarp sem hafði gengið frá Versölum og var á leiðinni til Rómar. Eftir að hafa engan séð allan daginn taldi maður sig öruggan við að létta á sér en þá átti auðvitað maður með hund leið hjá. Það urðu sem betur fer ekki villihundar eða úlfar á leið okkar en búið var að vara okkur við því og vorum við búnaflautu til að fæla hunda í burtu. Við mættum nautahjörð í tvígang og þá var ekkert annað að gera en að krossa fingur og horfa ekki í augun á nautunum og vona að þau gengu rólega framhjá sem varð raunin. Smá adrenalín fór um æðar okkar þarna. Fleiri dýr urðu á leið okkar og umkringdu okkur eins og býflugur sem eltu okkur langa leið.

Þegar hæsta tindur var náð eða 1.700 metra hæð á Monte Chiappo þá fylltist maður stolti yfir að hafa unnið mikið afrek. Það var því dálítið súrt þegar í ljós kom að fjöldi manns var á toppnum sem hafði komið þarna upp með skíðalyftu.

Ýmislegt var spjallað okkar á milli á leiðinni, gamlar hetjusögur úr gönguferðum rifjaðar upp, þessi leið var borin saman við Jakobsveginn ásamt því að pólitíkin var rædd. Við getum upplýst ykkur um það að endurskoðun var ekki eitt að umræðuefnunum. Til viðbótar við okkur félagskonur í FLE sem eru Kristrún Helga Ingólfssdóttir, Anna Þórðardóttir, Sigríður Helga Sveinsdóttir, Anna Skúladóttir og Margrét Guðjónsdóttir þá var Kristín Einarssdóttir fyrrverandi alþingismaður með okkur í för sem tryggði fjölbreytni í umræðuefni þar sem hún gat meðal



annars sagt okkur frá kynnum sínum af kóngum og drottningum sem varð okkur mikill innblástur. Til viðbótar við okkur þá æfir Auður Þórisdóttir með okkur hjá Jónsa í WorldClass en þar sem golfbakterían hefur heltekið hana þá hefur ekki verið rúm fyrir göngutúra í hennar dagskrá.

Til að viðhalda líkamlegri vellíðan á göngunni og á kvöldin þá nýttum við okkur æfingar sem við lærðum á Jakobsveginum af Auði Bjarnadóttur jógakennara. Þessar æfingar tókum við með reglulegu millibili á göngunni og gerði það mikið fyrir okkur. Einnig nýttum við okkur kalda sturtu og aðra tækni eins og kælikrem og hnjáhlífar.

Til að rata á milli þorpanna þá studdumst við við Garmin, Iphone og skriflegar leiðarlýsingar frá On foot holidays. Nauðsynlegt var að notast við allt þetta til að komast réttu leiðina. Þegar ein tæknin brást þá kom önnur til bjargar. Lengsta dagleiðin endaði með því að það var komið fram í myrkur þegar við komum niður í þorpið og voru þorpsbúar farnir að leita að okkur, það var mikill fögnuður hjá þorpsbúum þegar þeir sáu okkur koma.

Það var einstaklega vel hugsað um okkur í hverju þorpi og gisti-húsaeigendurnir gerðu allt til að láta okkur líða vel. Maturinn sem okkur var boðið uppá var hreint út sagt frábær, þarna var ekta ítalskur sveitamat borinn á borð sem útbúinn var samkvæmt leyndum uppskriftum hvernar fjölskyldu úr hráefni úr héraðinu. Betra getur það ekki orðið.

Þetta var ólýsanlega falleg leið og erfitt að lýsa því í orðum. Við látum hér fylgja nokkrar myndir sem ættu að hjálpa til við það. Ánægjan með þessa gönguferð var það mikil að við höfum nú þegar skráð okkur í aðra gönguferð hjá On foot holidays næsta haust og þá verður Frakkland fyrir valinu. Fyrir áhugasama þá er hér nánari lýsing á gönguleiðinni á eftirfarandi slóð hjá On foot holidays <http://www.onfootholidays.co.uk/Default.aspx/viewTour.49>. Við getum eindregið mælt með ferðum skipulögðum af þessu breska fyrirtæki.

Kristrún Helga Ingólfssdóttir



NÝIR FÉLAGAR 2017



Frá afhendingu löggildingarskírteina. Með hópnum eru ráðherra, prófstjóri og formaður félagsins

FLE hefur borist listi yfir þá sem stóðust tilskilin verkleg próf sem fram fóru dagana 10. og 12. október og hafi þar með öðlast rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. Niðurstaða prófnefndar er sú að tíu einstaklingar hafa staðist tilskilin verkleg próf. Tuttugu voru skráðir í prófið og er því óvanalega há hlutfallstala sem stenst það að þessu sinni. Það er einnig ánægjulegt að kynjaskiptingin er jöfn. Prófnefnd hefur sent listann til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem veitir löggildinguna formlega þann 12. Janúar 2017. Til hamingju með þetta öll og velkomin í félagið.



*Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir,
Deloitte*



*Harpa Guðlaugsdóttir,
Deloitte*



*Haukur Ingi Hjaltalín,
Deloitte*



*Heiðar Þór Karlsson,
Deloitte*



*Helgi Einar Karlsson,
Deloitte*



*Hildur Jónsdóttir,
KPMG*



*Sara Henny Ambjörnsdóttir,
PwC*



*Sif Jónsdóttir,
Grant Thornton*



*Sigurður Rúnar Pálsson,
KPMG*



*Theódór Ingi Pálmason,
KPMG*



Hugtökin aflandsfélag, skattaskjól og lágskattaríki hafa mikið verið notuð af fjölmiðlum undanfarin misseri. Það sem torveldar alla umræðu er að á heimsvísu er engin sameiginleg skilgreining á þessum hugtökum



AFLANDSFÉLÖG OG LÁGSKATTASVÆÐI

Ágúst Karl Guðmundsson er skattalögfræðingur og Steingrímur Sigfússon er endurskoðandi, báðir starfa hjá KPMG

Hugtökin aflandsfélag, skattaskjól og lágskattaríki hafa mikið verið notuð af fjölmiðlum undanfarin misseri. Það sem torveldar alla umræðu er að á heimsvísu er engin sameiginleg skilgreining á þessum hugtökum.

Aðeins hugtakið lágskattaríki er skilgreint í íslenskum skattalögum. Ákvæði um skattlagningu vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum (oft nefndar CFC-reglur) var lögfest hér á landi á árinu 2009 og tók til tekna og eigna frá og með árinu 2010. Í lögskýringargögnum með lagafrumvarpinu kemur fram að tilgangur CFC-reglna sé að sporna gegn skattalegum ráðstöfunum með aðild erlendra lögaðila sem hafa oft þann eina tilgang að komast undan eðlilegri skattlagningu hér á landi og

grafa þannig undan innlendum skattstofni. Í þessari grein er stuðst við orðið „félag“ á lágskattasvæði en um getur verið að ræða í raun hvers konar félag, sjóð eða stofnun sem staðsett er í lágskattaríki.

Aðalatriði CFC-reglnanna eru þau að ef íslenskur skattaðili á eða hefur umráð yfir félagi sem staðsett er á lágskattasvæði er við skattlagningu litið svo á að tekjur þessa aðila séu í reynd tekjur hins íslenska skattaðila og þær skattlagðar með öðrum tekjum hans. Í lögskýringar-gögnum með lögnum kemur fram að þessi aðferð sé í reynd hliðstæða þess sem gildir um skattlagningu sameignarfélags sem ekki er sjálfstæður skattaðili.



Reglurnar gefa tilefni til ritunar heillar bókar en í grein þessari verður reynt að stikla á stærstu atriðunum og því sem greinarhöfundum þykir sérstaklega áhugavert.

HVAÐA REGLUR GILDA

Í íslenskri skattfrákvæmd hefur ekki reynt mikið á CFC-reglurnar. Lagagrundvöllinn er að finna í 57. gr. a laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (TSL). Nánari skýringar á lögnum er að finna í reglugerð nr. 1102/2013. Ríkisskattstjóri hefur einnig birt þrjú ákvarðandi bréf, nr. 3/2009, 3/2010 og 1/2012 auk leiðbeininga á heimasíðu sinni. Þá hefur yfirskattanefnd einu sinni tekið á túlkun CFC-reglnanna í úrskurði nr. 155/2014 þar sem nefndin staðfesti skilning kæranda um að honum hefði verið heimilt að nýta tap sem myndaðist í dótturfélögum sínum á lágs kattasvæði á móti öðrum tekjum sínum. Athuga ber þó að lagabreyting fór fram á árinu 2013 og nú er einungis heimilt að nýta tap í CFC-félagi gegn framtíðarhagnaði þess félags. Benda má aðilum á að tap sem myndaðist í CFC-félögum a.m.k. á árunum 2011 og 2012 á að vera hægt að nýta hjá íslenskum eiganda sínum. Hjá einhverjum aðilum gæti því verið tilefni að taka upp skattskil vegna slíks ónotaðs taps.

BEITING ÁKVÆÐISINS

Íslenskir fjölmiðlar hafa rétt fyrir sér í þeirri afstöðu sem birtist oft hjá þeim að telja öll félög sem stofnuð eru utan Íslands aflandsfélög. Því í grunninn ef íslenskur skattaðili á erlent félag getur slíkt félag talist vera aflandsfélag. Til að skoða hvort ákvæðið eigi við um eignarhald viðkomandi aðila þarf að svara eftirfarandi spurningum:

1. Er íslenskt eignarhald á erlenda félaginu til staðar á árinu?
2. Er erlenda félagið staðsett í lágs kattaríki?
3. Er undanþága til staðar frá því að félagið teljist vera lágs kattafélag?

Er íslenskt eignarhald á erlenda félaginu til staðar á árinu?

Ákvæðið á við þegar a.m.k. helmingur eignarhalds er beint eða óbeint í eigu íslenskra skattaðila eða stjórnunarleg yfirráð þeirra hafa verið til staðar einhvern tíma innan tekjuársins.

Ekki skiptir máli hvort að hinir íslensku aðilar sem eiga í félaginu séu tengdir eða hinir mestu óvinir. Það eina sem skiptir máli er hvort að um íslenska aðila sé að ræða.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að um óbeint eignarhald íslenskra aðila á félagi í lágs kattaríki geti verið að ræða. Því getur ákvæðið átt við þrátt fyrir að lágs kattafélagið sé í eignarhaldi íslenskra aðila í gegnum keðju félaga.

Er erlenda félagið staðsett í lágs kattaríki?

Lágs kattaríki er ríki þar sem álagður tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar er í raun lægri en tveir þriðju hlutar (nú 13,33%) af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á hagn-

að lögaðilans hefði hann borið ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi. Þannig þarf við ákvörðun á hagnaði að leiða fram skattstofn rekstrarins samkvæmt gildandi íslenskum skattalögum um skattskyldu tekna og frádráttarbærni rekstrarkostnaðar og eftir atvikum að teknu tilliti til sannanlegs rekstrartaps í þeim rekstri. Raun samanburður þarf því alltaf að fara fram.

Er undanþága til staðar frá því að félag teljist vera lágs kattafélag?

Samkvæmt 4. mgr. 57. gr. a. TSL og 7. gr. reglugerðarinnar þá er um tvennskonar undanþágur að ræða ef félag telst vera CFC-félag. Annars vegar er undanþága ef félag er stofnað eða skráð í EES-ríki, EFTA-ríki eða í Færeyjum. Til að undanþágan eigi við er krafa um að um sé að ræða raunverulega atvinnustarfsemi hjá félaginu. Hvað telst vera raunveruleg atvinnustarfsemi veltur á viðkomandi starfsemi og heildarmati á hverju tilfelli fyrir sig. Leiðbeiningar um hvað er m.a. skoðað í því sambandi er lýst í 6. gr. reglugerðarinnar.

Hins vegar er um að ræða undanþágu sem getur átt við um félög sem stofnuð eru alls staðar annarsstaðar í heiminum. Á undanþágan við ef Ísland getur á grundvelli samnings sem það hefur gert við lágs kattaríkið fengið allar nauðsynlegar upplýsingar (t.d. tvísköttunar- eða upplýsingaskiptasamningur). Einnig er það skilyrði að helmingur tekna þess félags sem þar er stofnað séu ekki eignatekjur. Í reglugerðinni virðist vera gengið lengra en í lagaákvæðinu að því er varðar skilyrði fyrir undanþágu en þar er það gert að skilyrði að tekjurnar stafi af raunverulegri atvinnustarfsemi. Fer það ekki heim og saman við kröfuna í lagaákvæðinu þar sem einungis er fjallað um eignatekjur.

Eigi ofangreind ákvæði við og undanþágurnar taka ekki til félagsins, er um félag á lágs kattaríki að ræða sem sætir skattlagningu hjá íslenskum eiganda sínum í hlutfalli við eignarhlutdeild hans.


AFLÉTTING TVÍSKÖTTUNAR

Í ákvæðinu er ekki tekið á því hvort aflétta þurfi tvísköttun vegna skattlagningar sem íslenskur aðili getur orðið fyrir við beitingu ákvæðisins. Samkvæmt leiðbeiningum á heimasíðu ríkisskattstjóra telur hann að einungis, ef ekki sé fyrir hendi tvísköttunarsamningur milli Íslands og heimilisfestisríkis CFC-félagsins, geti íslenskur skattaðili sótt um lækkun á tekjuskatti hér á landi hafi skattur verið lagður á arðgreiðslu frá CFC-félaginu í hinu erlenda ríki til íslenska aðilans. Hafi tekjurnar sætt skattlagningu annarsstaðar þá komi ekki til álita að taka tillit til þess við skattlagningu á Íslandi. Hugsa má sér eftirfarandi dæmi:

Í dæminu er gengið út frá því að íslenska félagið N eigi dótturfélag í ríkinu B sem svo á dótturfélag í ríkinu C sem síðan á félag í ríkinu D. Félagið í ríkinu D telst vera CFC-félag skv. íslensku reglunum. Þess ber að geta að ríkið B telur að félagið



Í ríki D sé CFC-félag og beitir sínum CFC-reglum. Arðgreiðslur fara fram frá einu félagi til annars. Það er D greiðir arð til C, C greiðir svo arð áfram til B sem síðan greiðir arð til N. Mismunandi heimildir eru til afdráttarskattlagningar af arðgreiðslum í ríkjunum:



| | Ríki D | Ríki C | Ríki B | Ísland |
|----------------------------------|--------|--------|--------|--------|
| Skattskyldar tekjur | 100,0 | 0,0 | 100,0 | 100,0 |
| Skatthlutfall | 10% | 10% | 25% | 20% |
| Fyrirtækjaskattur | 10,0 | 0,0 | 25,0 | 20,0 |
| Takmörkun tvísköttuna | | | (10,0) | (10,0) |
| Móttekin arður | | 81,0 | 72,9 | 52,1 |
| Úthlutaður arður | 90,0 | 81,0 | 57,9 | |
| Skatthlutfall - afdráttarskattur | 10% | 10% | 10% | |
| Afdráttarskattur | 9,0 | 8,1 | 5,8 | |
| Heildarskattgreiðslur | 19,0 | 8,1 | 20,8 | 10,0 |

Heildarskattlagning á tekjurnar getur því orðið 57,9. Telst það vart vera markmið CFC-reglnanna að skattleggja tekjur sem aflað er í lágskattaríki margfalt á við það sem gerist á Íslandi og taka ekkert tillit til skattgreiðslna sem farið hafa fram í öðrum ríkjum á sömu tekjur. Sem dæmi má taka að í norsku reglunum sem hinar íslensku eru byggðar á skal tekið tillit til þess skatts sem greiddur er í CFC-ríkinu.

Greinarhöfundar eru ekki sammála þeirri túlkun ríkisskattstjóra að einungis skuli taka tillit til þess skatts sem lagður hefur verið af CFC-ríkinu á arðgreiðslu. Beiting ákvæðisins í takt við túlkun ríkisskattstjóra getur haft í för með sér margfalda skattlagningu og umtalsvert hærri skattlagningu en ef einungis væri um tekjur að ræða sem greiddur væri af skattur á Íslandi.

LOKAORÐ

Með íslensku CFC-reglunum verður að meta það markmið að vilja skattleggja tekjur erlendra aðila eins og tekjur íslenskra eiganda þeirra væri um að ræða og þá staðreynd að reglurnar gera íslenskum fyrirtækjum erfiðara fyrir að stunda viðskipti erlendis vegna þess hversu óskýrar þær eru. Hefur skattaðilum þannig reynt erfitt að sjá hvort að fjárfestingar þeirra falli undir CFC-reglurnar eða ekki.

Sú staðreynd að reglurnar eigi við um alla íslenska aðila sem taka þátt í fjárfestingunni ef eignarhald íslenskra aðila fer yfir 50% eða ef stjórnunarleg yfirlit eru einhvern tíma á árinu er ýmsum annmörkum háð. Mikil óvissa er til staðar hjá eigendum allt árið hvort að þeir falla undir ákvæðið eða ekki. Eðlilegra væri að miða við stöðu eignarhalds og stjórnunarlegra yfirlita í upphafi og lok hvers árs eins og gert er nú í norsku reglunum.

Skilgreining á lágskattaríki er einnig ófyrirsjáanleg og er hún því mjög sveigjanleg og háð mati skattyfirvalda. Sérstaklega þegar horft er til raunskattlagningar við matið.

Með löggjöfinni er verið að skerða samkeppnishæfni íslenskra aðila þegar íslenskar skattareglur og skatthlutföll eru sett sem ákveðið viðmið við fjárfestingar íslenskra aðila í erlendum félögum. Ef félög sem íslenskir aðilar fjárfesta í teljast vera CFC félög eru tekjur sem aflað er af hinu erlenda félagi skattlagðar í samræmi við íslenskar skattareglur á meðan önnur félög sem stunda atvinnurekstur í lágskattaríkinu eru einungis skattlögd samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru í lágskattaríkinu.

Ljóst er að beiting ákvæðisins er umtalsverðri óvissu háð og verður því að ítreka eina af undirstöðum réttarríkisins sem er að óljósar skattareglur verður að túlka skattgreiðanda í hag.

Ágúst Karl Guðmundsson og Steingrímur Sigfússon





IFRS 16 - LEIGUSAMNINGAR

Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi og Helgi Einar Karlsson, endurskoðandi, bæði starfa hjá Deloitte

Gerð nýs leigustaðals hefur verið langt ferðalag og Alþjóðlega reiknings-skilaráðið (IASB) hefur millilent nokkrum sinni á leiðinni áður en það komst að lokum á áfangastað í janúar 2016 með útgáfu IFRS 16 Leigusamningar. Staðallinn sem tekur gildi fyrir reiknings-skilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar mun leysa af hólmi IAS 17 Leigusamningar. Evrópusambandið hefur ekki samþykkt staðalinn, en þess er að vænta að hann verði samþykktur á síðari hluta árs 2017. Innleiðing fyrir gildis-tökudag verður heimil (eftir samþykki EU) fyrir félög sem einnig hafa innleitt IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum.

Samkvæmt nógildandi staðli IAS 17 getur reikningshaldsleg meðferð leigusamninga verið á tvo vegu eftir því hvort samningur fellur undir skilgreiningu á rekstrar- eða fjármögnunar-leigu. Flokkunin veltur á því hvort verulegur hluti áhættu og ávinnings af leigueigninni flytjast til leigutaka og gefur staðallinn

leiðbeiningar um til hvaða atriða skuli horfa við slíkt mat. Ef verulegur hluti áhættu og ávinnings af leigueigninni flyst með skilmálum leigusamnings til leigutaka, er um fjármögnunarleigu að ræða. Allir aðrir leigusamningar eru svo skilgreindir sem rekstrarleiga.

Í IFRS 16 eru settar fram nýjar leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð leigusamninga í reiknings-skilum leigutaka og leigusala. Mest verður breytingin fyrir leigutaka sem gert hafa rekstrarleigusamninga samkvæmt skilgreiningu IAS 17. Með innleiðingu IFRS 16 verður leigutökum nefnilega gert skylt að færa alla leigusamninga í efnahagsreikning þar sem núvirði lágmarksleigugreiðslna er eignfært sem nýtingarréttur á móti leiguskuld. Reikningshaldsleg meðferð eftir upphaflega skráningu er svo lík þeirri sem beitt er fyrir fjármögnunarleigusamninga samkvæmt IAS 17, þ.e. nýtingarrétturinn er afskrifaður á

Það má gera ráð fyrir því að áhrifa staðalsins gæti einna helst hjá félögum sem gert hafa marga rekstrarleigusamninga eða fyrir háar fjárhæðir og til skamms tíma

samningstímanum og vextir vegna leigugreiðslna eru gjaldfærðir með fjármagnskostnaði. Tvær undanþágur eru þó frá því að færa skuli leigusamninga í efnahagsreikning, en þær eru fyrir leigusamninga til skemmri tíma en 12 mánaða og þegar leigueignir teljast hafa lágt virði (e. low value assets). Staðallinn setur ekki fram nánari skilgreiningu á því hvað teljist vera eignir með lágt virði, en IASB hefur gefið til kynna að æskilegt viðmið sé 5.000 bandaríkjadóllarar.

Samkvæmt staðlinum eru það yfirráð leigutaka yfir leigueign sem skilja milli þess hvort um er að ræða leigusamning eða þjónustusamning. IFRS 16 fjallar ekki um reikningshaldslega meðferð á þjónustusamningum sem verða eftir sem áður gjaldfærðir á því tímabili sem þjónustan er þegin. Ekki er þó búist við því að þessi nýja skilgreining leiði til þess að samningar sem flokkaðir eru sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 verði flokkaðir sem þjónustusamningar samkvæmt IFRS 17. Þó getur komið til þess í tilfellum þar sem leiguverð er ákvarðandi þáttur við flokkun í fjármögnunarleigusamninga samkvæmt IAS 17 (núvirði lágmarks leigugreiðslna er að minnsta kosti það sama og gangvirði leigðu eignarinnar).

Fyrir félög sem gert hafa rekstrarleigusamninga mun IFRS 16 hafa áhrif á flokkun gjalda í rekstrarreikningi. Í stað þess að gjaldfæra þá samninga sem núna flokkast til rekstrarleigu línulega á meðal rekstrargjalda yfir líftíma þeirra verður nýtingarrétturinn gjaldfærður með afskriftum á líftíma samningsins og vextir gjaldfærðir meðal fjármagnsliða. Nýtingarrétturinn er yfirleitt afskrifaður línulega, en vaxtakostnaðurinn er mestur í upphafi og lækkar eftir því sem líður á samninginn samhliða því sem núvirði lágmarksleigugreiðslna (höfuðstóllinn) lækkar. Gjaldfærslan mun því skiptast í rekstrar- og fjármagnskostnað sem verður framhlaðinn.

Áhrif innleiðingar staðalsins á sjóðstreymi leigutaka fyrir rekstrarleigusamninga eru að hluti leigugreiðslna mun koma fram í fjárfestingarhreyfingum í stað rekstrarhreyfinga. Þetta er vegna þess að samkvæmt IAS 17 sýndu félög greiðslur af leigusamningum með rekstrarhreyfingum, en samkvæmt IFRS 16 verða greiðslur af höfuðstól sýndar meðal fjárfestingarhreyfinga og vaxtagreiðslur flokkaðar með rekstrarhreyfingum eða fjárfestingarhreyfingum (valkvætt samkvæmt IFRS).

Nýjar reikningssskilaaðferðir IFRS 16 mun hafa áhrif á marga frammistöðumælikvarða og kennitölur. Gjaldfærsla færast að hluta til yfir í fjármagnsliði sem mun hækka rekstrarafkomu, EBITDA og EBIT félaga með rekstrarleigusamninga. Með því að færa alla leigusamninga í efnahagsreikning mun eiginfjárlutfall lækka. Fyrir félög þar sem slíkir mælikvarðar í reikningskilum hafa áhrif á lánaskilmála er mikilvægt að meta áhrif af innleiðingunni tímanlega svo ekkert komi óþægilega á óvart og allar upplýsingar séu tiltækar þegar samið (eða endursamið) er um fjármögnun. Það má gera ráð fyrir því að áhrifa staðalsins gæti einna helst hjá félögum sem gert hafa marga rekstrarleigusamninga eða fyrir háar fjárhæðir og til skamms tíma (t.a.m. verslanakeðjur sem leigja húsnæði undir verslanir og flugfélög með flugvélar í rekstrarleigu).

Við innleiðingu IFRS 16 verður ekki breyting á reikningshaldslegri meðferð leigusamninga í reikningssskilum leigusala, ef undan eru skildir framleigusamningar (e. sublease). Leigusali sem framleigir þarf að færa bæði upphaflega leigusamninginn og framleigusamninginn í reikningssskil sín, þ.e. bæði sem leigutaki og leigusali. Því verður breyting á reikningshaldslegri meðferð ef upphaflegi samningurinn hefur verið flokkaður sem rekstrarleiga. Þá gerir staðallinn ríkari skýringarkröfur um leigusamninga í reikningssskilum leigusala.

Ljóst er að þessi nýi staðall muna auka gagnsæi í reikningskilum. Sem dæmi má taka að sum flugfélög eiga meirihlutann af sínum flota á meðan önnur leigja stóran hluta hans. IFRS 16 mun gera það að verkum að í báðum þessum tilvikum mun flugflotinn koma fram í efnahagsreikningi.

Að lokum má velja því upp hvort að þessi nýi staðall muni ekki einnig hafa áhrif á félög sem semja reikningssskil sín í samræmi við lög um ársreikninga. Í 29. gr. laganna er vísað til þess að fjármögnunarleigusamningar skuli færðir í efnahagsreikning í samræmi við settar reikningssskilareglur (IFRS). Þar sem ekki verður lengur gerður greinarmunur á fjármögnunarleigu og rekstrarleigu í reikningssskilum leigutaka má draga þá ályktun að vísan ársreikningalaga eigi við um alla leigusamninga samkvæmt skilgreiningu IFRS 16.

Signý Magnúsdóttir og Helgi Einar Karlsson



Með nýju útgáfunni er horft til framtíðar og var fókusinn settur á að bæta verulega notendaviðmót kerfisins



DESCARTES ENDURSKOÐUNARHUGBÚNAÐURINN

Björn Óli Guðmundsson er endurskoðandi hjá Enor

Descartes kerfið er þróað af og í eigu norsku endurskoðendasamtakanna, Norwegian Institute of Public Accountants. Kerfið hefur verið í notkun frá því á árinu 1998 og hefur verið notað af yfir 2700 endurskoðendum, mest í Noregi, Slóveníu og á Íslandi. Upphafleg markmið norsku endurskoðendasamtakanna voru að gefa öllum meðlimum sínum aðgang að upplýsingakerfi til að skrásetja endurskoðunarvinnuna ásamt aðferðafræði í samræmi við ISA staðlana.


Helstu áhrifaþættir við þróun kerfisins hafa verið áhættumiðuðu endurskoðunarstaðlarnir 2006, clarified ISAs 2010, önnur verkefni endurskoðenda (ISA 805, ISRE 2400 og ISRS 4410) 2011, og nýleg þróun í vef og skýjalausnum.

Heiti kerfisins er dregið af franska heimspekingnum og stærðfræðingnum René Descartes (1596-1650), sem var m.a. þekktur fyrir yfirlýsingar eins og:

- Fikraðu þig ávallt áfram á varfærin og kerfisbundin máta
- Ekki gera ráð fyrir að eitthvað sé satt fyrr en þú ert viss um það
- Greindu og leystu og vandamál eins vel og hægt er

Ný útgáfa, Descartes 4.0 kom út á árinu 2014 og var fyrst notuð hér á landi við endurskoðun vegna reikningsársins 2015. Þjónustu við eldri útgáfu kerfisins, Descartes 3 sem einnig hefur verið í notkun hér á landi var hætt 1. janúar 2017. Með nýju útgáfunni er horft til framtíðar og var fókusinn settur á að bæta verulega notendaviðmót kerfisins. Kerfið nýtir kosti skýjatækninnar og er aðgengilegt notendum í gegnum netvafra á nánast hvaða tæki sem er sem hefur internettenginu. Kerfið krefst engrar uppsetningar hjá notendum og eru allir notendur því að nota sömu útgáfu kerfisins. Öryggismál, geymsla gagna og afritun sem skiptir miklu máli í okkar umhverfi er á hendi rekstraraðila kerfisins og eru öll samskipti í gegnum kerfið dulköðuð til að tryggja öryggi upplýsinganna.





Kerfið er í dag orðið mjög aðgengilegt og leiðir notandann vel í gegnum flæði endurskoðunarinnar en ISA staðlarnir eru aðgengilegir og samþættir kerfinu. Einn helsti kostur kerfisins er sveigjanleiki sem felst hvað helst í því hversu auðvelt er að aðlaga kerfið að mismunandi stærð og gerð verkefna.

fyrir notendur Descartes þar sem kynntar hafa verið nýjungar og breytingar á kerfinu auk þess sem notendur hafa skipst á skoðunum og miðlað af reynslu sinni af notkun kerfisins. Nánari upplýsingar um kerfið eru aðgengilegar á slóðinni <http://www.descartesaudit.com/>

Endurskoðendur hjá Enor hafa séð um námskeið og kennslu fyrir notendur kerfisins. Notendaping hafa einnig verið haldin

Björn Guðmundson





FÉLAGATAL – SPÁÐ Í SPILIN

Ingvi Björn Bergmann er endurskoðandi og starfar hjá Kynnisferðum

Flest allir endurskoðendur hafa áhuga á talnalestri. Ritnefnd rýndi í félagatal Félags Löggiltra endurskoðenda á dögnum og komst að ýmsu fróðlegu.


Í desember 2016 voru alls 382 félagar í FLE. Eins og gengur og gerist hafa félagsmenn í gegnum árin snúið sér að öðru og kosið að skila inn réttindum. Af þessum 382 félögum eru 314 með virk réttindi og 61% félagsmanna starfa á endurskoðunarstofum.

| | Atvinnulífið | Endurskoðunarfyrirtæki | Hættir störfum | Samtals |
|---------|--------------|------------------------|----------------|---------|
| Óvirk | 29 | 3 | 36 | 68 |
| Virk | 80 | 231 | 3 | 314 |
| Samtals | 109 | 234 | 39 | 382 |

Endurskoðunarskrifstofur sem eru í erlendu samstarfi eru stærstu vinnuveitendurnir og hjá 5 stærstu stofunum starfa alls 147 löggiltir endurskoðendur eða 63% þeirra félagsmanna sem starfa við endurskoðun.


| Vinnustaður | Fjöldi löggiltra | Hlutfall | Hlutfall karla | Hlutfall kvenna |
|---------------------------------|------------------|----------|----------------|-----------------|
| KPMG ehf. | 58 | 25% | 60% | 40% |
| Deloitte ehf. | 44 | 19% | 89% | 11% |
| PwC ehf. | 20 | 9% | 65% | 35% |
| Ernst & Young ehf. | 17 | 7% | 59% | 41% |
| Grant Thornton endurskoðun ehf. | 8 | 3% | 75% | 25% |
| Ríkisendurskoðun | 5 | 2% | 60% | 40% |
| Aðrar stofur | 82 | 35% | 77% | 10% |
| Samtals starfandi í endurskoðun | 234 | 100% | 77% | 23% |

Meðal lífaldur þeirra endurskoðenda sem eru starfandi í atvinnulífinu og í endurskoðun er 50 ár.



Hlutfall þeirra félagsmanna sem starfa í atvinnulífinu eða í endurskoðun er nokkuð jafnt í aldurshópunum á milli 31 og 60 ára aldurs, en 65% þeirra sem eru á því aldrursbili starfa við endurskoðun.

Kynjaskipting í félaginu er enn ójöfn en kvenkyns félagsmenn eru 96 talsins eða fjórðungur félagsmanna, en þó hefur hlutur kvenna farið vaxandi og er hlutfallið komið í 35% ef horft er til endurskoðenda á aldrinum 31 – 50 ára. Það er einnig ánægjulegt að kynjahlutfall þeir tíu einstaklinga sem stóðust löggildingarpróf í haust var jöfn.



Ef horft er á kynjaskiptingu karla og kvenna sem starfa í endurskoðun eftir því hvort viðkomandi starfar hjá fjórum stærstu stofnunum eða öðrum endurskoðunarstofnum sést að 80% kvenna starfa hjá fjórum stærstu stofnum en 54% karla. Konur eru því hlutfallslega mun fjölmennari á stærstu stofnunum.

Ingvi Björn Bergmann



SKIPAN STJÓRNAR OG FASTANEFNDA FLE

STARFSÁRIÐ 2016 - 2017



Félagsstjórn FLE frá vinstri: Margrét Pétursdóttir formaður, H. Ágúst Jóhannesson varaformaður, Ljósbrá Baldursdóttir, Guðni Þór Gunnarsson og Sif Einarsdóttir.

Álitsnefnd FLE: Margrét Pétursdóttir formaður, H. Ágúst Jóhannesson, J. Sturla Jónsson, Sigurður Páll Hauksson, Þórir Ólafsson og Ómar Björnsson varamaður.

Endurskoðunarnefnd FLE: Elín Hanna Pétursdóttir formaður, Helga Hjálmrós Bjarnadóttir, Birna María Sigurðardóttir og Kristín Sveinsdóttir.

Gæðanefnd FLE: Kristinn Kristjánsson formaður, Arnar Þorkelsson, Jóhann Óskar Haraldsson og Magnús Mar Vignisson.

Menntunarnefnd FLE: Íris Ólafsdóttir formaður, Geir Steindórsson, Hjördís Ýr Ólafsdóttir og Pétur Hansson.

Reikningsskilanefnd FLE: Jón Arnar Baldurs formaður, Signý Magnúsdóttir, Hulda Sigurbjörnsdóttir og Atli Þór Jóhannsson.

Skattanefnd FLE: R. Dofri Pétursson formaður, Benóní Torfi Eggertsson, Sighvatur Halldórsson og Anna María Ingvarsdóttir.



GOLF

GOLFANNÁLL ENDURSKOÐENDA SUMARIÐ 2016

Auðunn Guðjónsson er endurskoðandi hjá KPMG

Sumarið 2016 var gott golfsumar um mestallt land og hygg ég að endurskoðendur, sem hafa tileinkað sér þessa hollu og skemmtilegu íþrótt, hafi stundað hana af kappi.

Meistaramót FLE í golfi fór þetta árið fram föstudaginn 2. september á Garðavelli á Akranesi í miklu blíðskaparveðri við frá-bærar aðstæður.

Að þessu sinni mættu 13 hressir kylfingar til leiks en það vakti athygli að engin kona tók þátt og var það annað árið í röð sem það gerðist.

Leikfyrirkomulag meistaramótsins var eins og áður höggleikur með og án forgjafar og var keppt í þremur flokkum, í yngri flokki karla með forgjöf, í flokki karla 55 ára og eldri með forgjöf og svo í opnum flokki án forgjafar. Þar að auki voru í þetta skiptið veitt verðlaun fyrir að vera næstur holu eftir eitt högg á tveimur þar 3 brautum, annars vegar á þriðju braut og hins vegar á þeirri átjándu. Sá merki atburður átti sér stað að tveir keppendur voru nákvæmlega jafn langt frá holu á þriðju braut, þeir nafnarnir Guðmundur Frímansson og Guðmundur Friðrik Sigurðsson. Þeir léku ekki í sama ráshópi og áttu báðir eftir 6,18m að holu. Hins vegar var Guðmundur Frímansson næstur holu á þeirri átjándu, 5,11m frá holu. Keppnin í höggleiknum var líka jöfn og spennandi en helstu úrslit voru eftirfarandi:

Höggleikur karla (yngri flokkur) með forgjöf (5 þátttakendur)

- | | |
|------------------------------|---------------|
| 1. Kristófer Ómarsson | 73 högg nettó |
| 2. Auðunn Guðjónsson | 76 högg nettó |
| 3. Sveinbjörn Sveinbjörnsson | 76 högg nettó |

Höggleikur karla (eldri flokkur) með forgjöf (8 þátttakendur)

- | | |
|---------------------------------|---------------|
| 1. Guðmundur Friðrik Sigurðsson | 74 högg nettó |
| 2. Rögnvaldur Dofri Pétursson | 79 högg nettó |
| 3. Guðmundur Frímansson | 79 högg nettó |

Höggleikur án forgjafar (opinn flokkur)

- | | |
|---------------------------------|---------|
| 1. Kristófer Ómarsson | 83 högg |
| 2. Rögnvaldur Dofri Pétursson | 90 högg |
| 3. Guðmundur Friðrik Sigurðsson | 90 högg |

Keppandi með lágsta skor með forgjöf fékk farandbikar. Þetta árið var það Kristófer og er hann því Golfmeistari FLE árið 2016. Auk þess voru veitt glæsileg verðlaun sem gefin voru af Hótel Selfossi og aukaverðlaun frá FLE. Úrslit voru tilkynnt, verðlaun afhent og Golfmeistari FLE útnefndur á Gleðistund FLE sem haldin var síðdegis þann sama dag og meistaramótið fór fram og mættu þátttakendur þangað útitæknir og sælir eftir skemmtilegan dag í góðum félagsskap.



Kristófer Ómarsson

Umsjónarmenn þakka þeim sem þátt tóku og vonast til að áfram verði með einum eða öðrum hætti staðið að mótahaldi innan stéttarinnar og að kylfingar úr röðum endurskoðenda af báðum kynjum taki þátt. Starfsmönnum vallarins eru jafnframt þakkaðar góðar móttökur og Hótel Selfoss fyrir veglegan stuðning.

Auðunn Guðjónsson



TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ - ÁRIÐ 2017

| | | | |
|-------------------------------|----|-----------------------------|----|
| Theódór Ingi Pálmason | 30 | Helgi F. Arnarson | 60 |
| Anna María Ingvarsdóttir | 40 | Herbert Viðar Baldursson | 60 |
| Arnar Már Jóhannesson | 40 | Pétur Guðbjartsson | 60 |
| Bjarni Jóhannesson | 40 | Ragnar J. Bogason | 60 |
| Davíð Búi Halldórsson | 40 | Sigurður Tryggvi Sigurðsson | 60 |
| Haraldur Örn Reynisson | 40 | Þórir H. Ólafsson | 60 |
| Hrafnhildur Fanngeirsdóttir | 40 | Haukur G. Gunnarsson | 65 |
| Jóna Árný Þórðardóttir | 40 | Jón H. Skúlason | 65 |
| Ágúst Heimir Ólafsson | 50 | Tryggvi E. Geirsson | 65 |
| Björg Ragna Erlingsdóttir | 50 | Björn Ó. Björgvinsson | 70 |
| Guðlaug Tómasdóttir | 50 | Guðmundur J. Þorvarðarson | 70 |
| Gunnar Þór Ásgeirsson | 50 | Guðmundur Óskarsson | 70 |
| Hafsteinn Gunnarsson | 50 | Guðmundur Þ. Frímannsson | 70 |
| Ingvar Garðarsson | 50 | Kristinn Gestsson | 70 |
| Jón Örn Guðmundsson | 50 | Ragnar Hafliðason | 70 |
| Kristrún Helga Ingólfssdóttir | 50 | Stefán Bergsson | 70 |
| Sigríður Helga Sveinsdóttir | 50 | Viðar G. Elísson | 70 |
| Sigrún Hallgrímsdóttir | 50 | Hermann Árnason | 75 |
| Vignir Rafn Gíslason | 50 | Ólafur G. Sigurðsson | 75 |
| Þórarinn Þórarinsson | 50 | Sigurður Guðmundsson | 75 |
| Alexander G. Eðvardsson | 60 | Ólafur Nilsson | 80 |
| Davíð Einarsson | 60 | Sveinn Jónsson | 80 |
| Halldór Arason | 60 | | |



ÚR FÉLAGSLÍFINU



Bros á Endurskoðunardeggi



Mikið í gangi á spjallstofu nema



Gleðistund í september



Vinnustofa á haustráðstefnu



Námskeið fyrir nema



Áhugavert námskeið í gangi



Fjölmennt á ráðstefnu



Frá Reikningskiladegi



| DAGUR | VIÐBURÐUR | STAÐUR | FORM | EFNI | EININGAR |
|-----------|---------------------|-------------|-------------------------|-----------------------------|----------|
| 19. jan. | Námskeið | Grand hótél | Námskeið | Lok endurskoðunar | 3 |
| 20. jan. | Skattadagur | Grand hótél | Ráðstefna | Skattamál | 4 |
| 1. feb. | Hádegisfundur | Grand hótél | Fyrirlestur | Prófnefnd og nýir löggiltir | 0.5 |
| 23. feb. | Morgunkorn | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa | Óákveðið | 2 |
| 23. mars | Morgunkorn | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa | Óákveðið | 2 |
| 27. apríl | Námskeið | Grand hótél | Námskeið | Reikningskil | 3 |
| 28. apríl | Endurskoðunardagur | Grand hótél | Ráðstefna | Endurskoðun | 4 |
| 18. maí | Morgunkorn | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa | Óákveðið | 2 |
| 30. maí | Námskeið | Grand hótél | Námskeið | Að taka löggildingarpróf | 2 |
| 8. sept. | Gleðistund | Grand hótél | Kynning | Óákveðið | |
| 5. sept. | Námskeið | Grand hótél | Námskeið | Löggildingarpróf - yfirferð | 5 |
| 21. sept. | Námskeið | Grand hótél | Námskeið | Endurskoðun | 3 |
| 22. sept. | Reikningskiladagur | Grand hótél | Ráðstefna | Reikningskil | 4 |
| 19. okt. | Morgunkorn | Grand hótél | Námskeið - vinnustofa | Óákveðið | 2 |
| 9. nóv. | Námskeið | Grand hótél | Námskeið | Óákveðið | 3 |
| 10. nóv. | Haustráðstefna | Grand hótél | Ráðstefna - vinnustofur | Fjölbreytt | 5 |
| 10. nóv. | Aðalfundur | Grand hótél | Félagsfundur | Innri mál FLE | 1 |
| 6. des. | Hádegisfundur - jól | Grand hótél | Fyrirlestur | Hugvekja | |
| 12. des. | Námskeið | Grand hótél | Námskeið | Skattamál | 3 |

FLE stefnir að því að bjóða upp á 45 endurmenntunareiningar að lágmarki árið 2017

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á www.fle.is